

## AUGLÝSING

### um umferð í Hafnarfirði.

Samkvæmt heimild í e-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaganna nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur verið ákveðið að á Reykjavíkurvegi norðan Strandgötu sé akstur og dráttur vinnuvéla og dráttarvéla bannaður á virkum dögum frá kl. 7.30 til 9.00 og kl. 16.30 til 18.30.

*Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 17. febrúar 1992.*

**Már Pétursson.**

## ALMENNAR REGLUR

### um byggðarmerki.

#### 1. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að notfæra sér heimild í 2. mgr. 4. gr. sveitarstjórnalaga nr. 8/1986 og taka upp byggðarmerki fyrir sveitarfélagið, og skal hún tilkynna þá ákvörðun til félagsmálaráðuneytisins með beiðni um staðfestingu þess á merkinu. Beiðni þessari skal fylgja mynd af hlutaðeigandi byggðarmerki, er sýni hlutföll þess og liti, svo og greinargerð um tilurð þess og væntanlega notkun, sbr. 6. gr.

#### 2. gr.

Byggðarmerki skal vera í samræmi við meginreglur skjaldarmerkjafræðinnar, eftir því sem unnt er, bæði hvað varðar lögun og litareglur. Það skal því hafa skjaldarlögun, vera einfalt að gerð og hafa augljósa merkingu. Æskilegt er að notaðir séu hreinir og óblandaðir litir í byggðarmerki, þ.e. rauður, blár, svartur, grænn, gylltur (gulur) og silfraður (hvítur). Þess skal gætt að skjaldarflöturinn sé þannig litaður að málmur (gyllt, silfrað) og litur (rauður, blár, svartur, grænn) liggja saman. Gyllt eða silfurlitad verða því alltaf að skiptast á, á móti hinum eiginlegu litum.

#### 3. gr.

Áður en ráðuneytið staðfestir ákvörðun sveitarstjórnar um byggðarmerki, sbr. 1. gr., þarf að liggja fyrir jákvæð umsögn um hlutaðeigandi byggðarmerki frá sérstakri fastanefnd, er félagsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir af félagsmálaráðuneytinu og skal ráðherra skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

#### 4. gr.

Lýsing á byggðarmerki skal felld inn í staðfestingu ráðuneytisins og birt þannig ásamt mynd af merkinu í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 5. gr.

Sveitarstjórn getur látið breyta þegar samþykktu byggðarmerki að hluta eða að öllu leyti, þannig að það verði í samræmi við meginreglur skjaldarmerkjafræðinnar, sbr. 2. gr., og í framhaldi af því fengið staðfestingu ráðuneytisins.